



## FUNDARGERÐ SVEITARSTJÓRNAR

Föstudaginn 21. maí 2021 var fundur haldinn í sveitarstjórn Skagastrandar kl 8:30 á skrifstofu sveitarfélagsins.

Á fundinn voru mætt Halldór Gunnar Ólafsson, Róbert Kristjánsson, Guðmundur Egill Erlendsson, Péturína Laufey Jakobsdóttir, Kristín Björk Leifsdóttir og Alexandra Jóhannesdóttir, sveitarstjóri.

Níels Guðmundsson endurskoðandi hjá Enor sat fundinn undir 1. dagskrárlið.

Halldór Gunnar Ólafsson oddviti setti fundinn og stjórnaði honum. Sveitarstjóri ritaði fundargerð.

Oddviti óskaði eftir því að gerð yrði breyting á dagskrá og undir 8. lið yrði tekin fyrir skýrsla starfshóps um Umhverfisakademíu. Sveitarstjórn samþykkti dagskrárbreytingu samhljóða.

### Dagskrá:

#### 1. Ársreikningur 2020 – seinni umræða

##### a. Endurskoðunarskýrsla

Fyrir fundinum lá endurskoðunarskýrsla Níelsar Guðmundssonar hjá Enor dags. 21. maí 2021. Að endurskoðun komu Níels Guðmundsson löggiltur endurskoðandi og Óttar Ingi Oddsson viðskiptafræðingur. Skýrslan var lögð fram til kynningar.

##### b. Ársreikningur sveitarsjóðs og stofnana 2020

Fyrir fundinum lá ársreikningur sveitarsjóðs og stofnana til síðari umræðu sem Níels Guðmundsson fór yfir. Ársreikningurinn var tekinn til fyrri umfjöllunar á fundi sveitarstjórnar þann 7. apríl sl. Tap varð á rekstri A-hluta fyrir afskriftir og fjármagnsliði að fjárhæð kr. 23,8 millj. samanborið við kr. 54,3 millj. tap fyrir afskriftir og fjármagnsliði skv. fjárhagsáætlun. Rekstrarniðurstaða A-hluta var neikvæð á árinu 2020 um kr. 43,9 millj. samanborið við kr. 70,3 millj. neikvæða afkomu skv. áætlun með viðaukum. Afkoma A-hluta var því kr. 30,6 millj. betri en áætlun með viðaukum gerði ráð fyrir.



Sveitarstjórn Skagastrandar  
Fundargerðir

Rekstrarniðurstaða samstæðu A- og B- hluta á árinu 2020 var neikvæð um kr. 22,7 millj. samanborið við kr. 54,3 millj. neikvæða afkomu skv. áætlun með viðaukum. Afkoma samstæðunnar var því 31,6 millj. betri en áætlun með viðaukum gerði ráð fyrir.

Jákvæð frávik frá áætlun eru í skatttekjum vegna hærri útsvarstekna og hærri framlaga frá jöfnunarsjóði, fræðslu og uppeldismálum vegna hærri tekna úr námsleyfasjóði og hærri endurgreiðslna frá öðrum sveitarfélögum, sameiginlegum kostnaði vegna nefndalauna og annarra launa og hjá félagslegum íbúðum vegna söluhagnaðar íbúða.

Helstu neikvæðu frávikin snúa að breytingu á lífeyrisskuldbindingum vegna mikilla hækkana á launum opinberra starfsmanna kr. 13,3 millj. og fjármagnsliðum vegna lægri vaxtatekna kr. 7,8 millj.

Varanlegir rekstrarfjármunir A og B hluta hækka um kr. 10,9 millj. milli ára og nema samtals kr. 1.192,0 millj. í árslok 2020. Lóðir og lendur sveitarfélagsins voru endurmetnar og nam endurmatshækkun vegna þeirra kr. 8,3 millj. Heildarfjárfesting samstæðunnar í varanlegum rekstrarfjármunum á árinu nam kr. 74,9 millj. en afskriftir námu kr. 42,4 millj. Á árinu voru seldar þrjár íbúðir hjá félagsíbúðum en söluverð varanlegra rekstrarfjármuna nam í heild kr. 44,7 millj. á árinu.

Hjá A-hluta var handbært fé frá rekstri neikvætt um kr. 1,5 millj. samanborið við kr. 6,9 millj. jákvætt handbært fé frá rekstri árið 2019. Í áætlun með viðaukum var gert ráð fyrir að handbært fé frá rekstri yrði neikvætt um kr. 38,3 millj.

Hjá samstæðunni A- og B-hluta var handbært fé frá rekstri jákvætt um kr. 41,2 millj. samanborið við kr. 45,6 millj. jákvætt handbært fé frá rekstri árið 2019.

Handbært fé samstæðunnar nam kr. 435,4 millj. í árslok samanborið við kr. 471,3 millj. í ársbyrjun.



Sveitarstjórn Skagastrandar  
Fundargerðir

Fjárfestingarhreyfingar ársins voru neikvæðar um kr. 30,2 millj. hjá samstæðunni og fjármögnunahreyfingar voru einnig neikvæðar um kr. 46,9 millj. Þrátt fyrir það lækkar handbært fé samstæðunnar aðeins um kr. 35,9 millj. milli ára.

Engin lántaka var gerð hjá sveitarfélaginu á árinu 2020 en afborganir lána námu kr. 46,9 millj.

Heildareignir sveitarfélagsins námu í árslok kr. 1.794 millj. og eigið fé var um kr. 1.333 millj.

Sveitarstjórn ræddi ársreikninginn og samþykkti hann og áritaði að lokinni umræðu.

## 2. Rekstraryfirlit janúar – mars 2021

Fyrir fundinum lá yfirlit yfir rekstur og fjárfestingarhreyfingar frá janúar-mars 2021 sem sveitarstjóri greindi frá. Yfirlitið var lagt fram til kynningar.

## 3. Kjörskrárstofn vegna kosninga um sameiningu Húnavatnshrepps, Blönduósbæjar, Skagabyggðar og Sveitarfélagsins Skagastrandar laugardaginn 5. júní 2021.

Sveitarstjórn fór yfir kjörskrárstofn Sveitarfélagsins Skagastrandar vegna vegna kosninga um sameiningu Húnavatnshrepps, Blönduósbæjar, Skagabyggðar og Sveitarfélagsins Skagastrandar laugardaginn 5. júní 2021.

Kjörskrárstofn byggir á íbúaskrá Þjóðskrár 15. maí 2021. Á kjörskrá eru alls 345 einstaklingar þar af 171 karl og 129 konur.

Sveitarstjórn samþykkir kjörskrárstofn sem kjörskrá í sveitarfélaginu með fyrirvara um hugsanlegar breytingar.

Sveitarstjóra falið að ganga frá kjörskrárstofni og undirrita sem kjörskrá.

Kjörskrá Sveitarfélagsins Skagastrandar mun liggja frammi á skrifstofu sveitarfélagsins, að Túnbraut 1-3, á opnunartíma hennar, frá hádegi 21. maí 2021 til kjördags.



#### 4. Vinnuskóli 2021

Fyrir fundinum lá tillaga að launakjörum vegna Vinnuskóla Sveitarfélagsins Skagastrandar 2021.

14 ára 30% af lfl. 117-1 755 m/orlofi

15 ára 40% af lfl. 117-1 1.007 m/orlofi

16 ára 50% af lfl. 117-1 1.258 m/orlofi

Flokkstjóri vinnuskóla 127-1 = 396.386 Dv 2.437,77 Yv 4.116,47 + 13,04% orlof til viðbótar.

Sumarstarfsmaður 117-1 = 362.045 Dv 2.226,58 Yv 3.759,84 + 13,04% orlof til viðbótar.

Fram kom í máli sveitarstjóra að erfðilega hafi gengið að ráða flokkstjóra fyrir Vinnuskólann og því verði fyrirkomulag með breyttu sniði í ár.

Vinnuskólinn verður starfræktur sem hér segir:

#### Júní

*Daglegur vinnutími 8., 9. og 10. bekkjar verður frá 09-12 og 13-16 mánudaga til miðvikudaga. Engin Vinnuskóli verður á fimmtudögum og föstudögum í júní.*

#### Júlí

*Daglegur vinnutími 8. og 9. bekkja er frá 09-12 og 13-16 mánudaga til fimmtudaga, ekki er unnið á föstudögum.*

*Daglegur vinnutími 10. bekkjar er frá 09-12 og 13-16 mánudaga til fimmtudaga en á föstudögum til 12:00.*

Sveitarstjórn samþykkti framlagða tillögu.



**10. Bréf****a. Reynir Þorsteinsson dags. 28. apríl 2021**

Sveitarstjórn fór yfir erindið og forsendur þess og gerir ekki athugasemd við afgreiðslu sveitarfélagsins.

**b. Ferðamálastofa dags. 4. maí 2021**

Fyrir fundinum lá erindi Ferðamálastofu, en óskað hafði verið eftir rökstuðningi vegna synjunar úr Framkvæmdasjóði Ferðamannastaða. Lagt fram til kynningar.

**c. Samband íslenskra sveitarfélaga dags. 4. maí 2021**

Með erindinu er boðað til XXXVI. landsþings Sambands íslenskra sveitarfélaga. Lagt fram til kynningar.

**d. Skógræktin dags. 10. maí 2021**

Með erindinu er kynnt Bonn-áskorun Skógræktarinnar og Landgræðslunar. Áskorunin er alþjóðlegt átak um útbreiðslu eða endurheimt skóga á stórum samfelldum svæðum eða landslagsheildum. Óskað er eftir afstöðu sveitarfélagsins til þátttöku í verkefninu, tillögu að svæðum umfram þau sem eru í umsjá ríkisstofnana og hvort og með hvaða hætti slík skilgreining gæti orðið hluti af skipulagi sveitarfélagsins. Var sveitarstjóra falið að svara erindinu.

**e. Minjastofnun Íslands dags. 13. apríl 2021**

Fyrir fundinum lá erindi Minjastofnunar þar sem tilkynnt er um að umsókn um styrk úr fornminjasjóði 2021 vegna verkefnisins „Fornkönnun minja í landi Spákonufells“ hafi ekki hlotið brautargengi. Lagt fram til kynningar.

**f. Rúllandi steinn ehf. dags. 17. maí 2021**

Með erindinu er óskað eftir styrk vegna tónlistarhátíðar á Skagaströnd sem fyrirhugað er að fari fram 14. og 15. ágúst nk. en er tilefnið 80 ára afmæli Bob Dylan á árinu. Óskað er eftir 450.000 kr. styrk vegna verkefnisins. Sveitarstjórn samþykkir að veita styrkinn og vísar til gerðar viðauka við fjárhagsáætlun og fært á lið 0503-9991.



## 5. Umsögn um rekstrarleyfi

Fyrir fundinum lá umsagnarbeiðni Sýslumannsins á Norðurlandi vestra um umsókn um rekstrarleyfi vegna veitingu veitinga á grundvelli 1. tölul. 4. mgr. 10. gr. laga nr. 85/2007 um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald.

### a. Harbour restaurant ehf.

Umsækjandi: Hafdís Hrund Ásgeirsdóttir, kt. 301175-4699 fh. Harbour restaurant ehf. kt. 510521-1530. Veitingahúsið er í flokki II, tegund veitingahús.

Um er að ræða nýtt leyfi.

### Umsögn:

Afgreiðslu frestað til næsta fundar þar sem ekki liggur fyrir umsögn byggingafulltrúa.

## 6. Fellsborg og skólamáltíðir

Gildandi samningur við rekstraraðila um skólamáltíðir og rekstur Fellsborgar rennur út í júní. Var sveitarstjóra falið að auglýsa eftir rekstraraðilum til að reka Fellsborg og sjá um skólamáltíðir með svipuðum hætti og verið hefur.

## 7. Samningur um rekstur tjaldsvæðis að Höfðahólum

Fyrir fundinum lágu drög að samningi við Landamerki ehf. um rekstur tjaldsvæðis á Skagaströnd. Sveitarstjórn ræddi samninginn og samþykkti að gera samning við rekstraraðila til tveggja ára. Var sveitarstjóra falið að undirrita hann með áorðnum breytingum.

## 8. Umhverfisakademía

Við undirbúning kosningar um sameiningu fjögurra sveitarfélaga í A-Hún kom fram sú hugmynd að koma á fót námi í umhverfisfræðum á Húnavöllum. Sveitarstjórn tekur jákvætt í hugmynd um umhverfisakademíu á Húnavöllum.

## 9. Ársreikningar

### a. Samtök sjávarútvegssveitarfélaga

Lagður fram til kynningar.



## 11. Fundargerðir

### a. Stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga dags. 3. apríl 2021

Lögð fram til kynningar.

### b. Stjórnar Hafnasambands Íslands dags. 30. apríl 2021

Lögð fram til kynningar.

### c. Stjórnar Markaðsstofu Norðurlands dags. 4. maí 2021

Lögð fram til kynningar.

### d. Stjórnar SSNV dags. 4. maí 2021

Lögð fram til kynningar.

### e. Hafnar- og skipulagsnefndar 12. apríl 2021

Í fundargerð undir lið 1. b) var eftirfarandi bókað:

#### **Erindi Bókhaldsþjónustu Suðurnesja dags. 21.04.2021**

Fyrir fundinum lá erindi Bókhaldsþjónustu Suðurnesja sem er eigandi að Hólanesvegi 11. Með erindinu er sótt um samþykki byggingaráforma fyrir 130 m<sup>2</sup> stækkun á húsinu við Hólanesveg 11, Skagaströnd.

Svæðið er skilgreint sem miðsvæði skv. gildandi aðalskipulagi og er stækkun innan skilgreinds nýtingarhlutfalls.

Til þess að hægt sé að taka afstöðu til erindis þurfa eigendur þurfa að leggja fram fullgildar teikningar sem samræmast byggingarreglugerð áður en breytingaráform eru send til umsagnaraðila og ráðist er í grenndarkynningu.

#### **Afgreiðsla sveitarstjórnar:**

Afgreiðsla Hafnar- og skipulagsnefndar staðfest af sveitarstjórn með 5 samhljóða atkvæðum.

Í fundargerð undir lið 1. c) var eftirfarandi bókað

#### **Erindi Folklúbbsins Fljúpnis dags. 10.05.2021**

Með erindinu er óskað eftir leyfi til þess að staðsetja 9 holu frísbíggjufvöll sunnan og austan við tjaldsvæðið að Höfðahólum. Framkvæmdin felur í sér að handmoka 9 holur og steypa körfurnar niður. Steypan er hrærð í belghrærivél og borin upp í fötum. Gera þarf kasteiga með trjákurli sem eru um 2x6 m að stærð og setja upp skilti við hvern teig. Í erindinu kemur fram að rask vegna framkvæmdanna sé minniháttar.

Nefndin fór yfir fyrirbyggjandi gögn þ.m.t. kort af svæðinu. Fram kom að notkun fellur að gildandi Aðalskipulagi og því þarf ekki að leggja í breytingu á deiliskipulagi vegna



Sveitarstjórn Skagastrandar  
Fundargerðir

framkvæmdanna. Nefndin bendir á að staðsetning fyrstu brautar sé óheppileg með tilliti til þess að hún fer þvert yfir veginn inn á tjaldsvæðið og er lagt til að hún verði færð frá aðkomu.

**Afgreiðsla sveitarstjórnar:**

Afgreiðsla Hafnar- og skipulagsnefndar staðfest af sveitarstjórn með 5 samhljóða atkvæðum.

Sveitarstjórn tekur jákvætt í erindið. Fram kemur í erindinu að UMF Fram muni leggja 700.000 kr til verkefnisins ef af verður. Var sveitarstjóra falið að vinna verkefnið áfram með hagsmunaaðilum. Samþykkt að leggja 500.000 til verkefnisins sem vísað er til viðauka við fjárhagsáætlun.

Í fundargerð undir lið 1. d) var eftirfarandi bókað

**d. Umsóknir um lóð að Fjörubraut 5**

Jóhann Sigurjónsson lýsti sig vanhæfan til að fjalla um málefni undir þessum lið og vék af fundi.

Fyrir fundinum lágu 2 umsóknir um úthlutun lóðar að Fjörubraut 5.

- i. *Umsókn Guðmundar Ólafssonar dags. 15.04.2021*
- ii. *Umsókn Vík ehf. útgerðar dags. 07.05.2021*

Nefndin telur sig ekki hafa forsendur til þess að taka afstöðu til framlagðra umsókna miðað við fyrirbyggjandi upplýsingar og stöðu skipulagsmála. Sveitarstjóra var falið að óska eftir frekari upplýsingum og ræða við umsækjendur.

**Afgreiðsla sveitarstjórnar**

Fram kom að rætt hafi verið við báða umsækjendur. Miðað við fyrirbyggjandi upplýsingar samþykkir sveitarstjórn að úthluta lóðinni til Guðmundar Ólafssonar þar sem sú umsókn barst fyrir. Í umsókn er óskað eftir stækkun á lóðinni til norðurs og byggingareitur verði aðlagður að 300m<sup>2</sup> húsi með innkeyrslu á norðurhlíð. Þá er óskað eftir niðurfellingu gatnagerðargjalda.

Sveitarstjórn samþykkir með 5 samhljóða atkvæðum að úthluta lóðinni og heimila umbeðna stækkun. Sveitarstjórn telur ekki forsendur fyrir því að fallast á beiðni um niðurfellingu gatnagerðargjalda af iðnaðarlóð.











## 12. Önnur mál

Ekkert tekið fyrir undir þessum lið.

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 11:00.

  
Halldór G. Ólafsson  
  
Róbert Kristjánsson  
  
Kristín B. Leifsdóttir

  
Péturína Laufey Jakobsdóttir  
  
Guðmundur Egill Erlendsson  
  
ALEXANDRA JÓHANNESDÓTTIR  
Alexandra Jóhannesdóttir

UNITED STATES DEPARTMENT OF AGRICULTURE



OFFICE OF THE ASSISTANT SECRETARY FOR TECHNICAL ASSISTANCE

1. The first step in the process of technical assistance is to identify the needs of the client. This is done through a series of interviews and consultations with the client's staff and other key personnel. The goal is to understand the client's current situation, the challenges they are facing, and the resources they have available.

2. Once the needs have been identified, the next step is to develop a plan of action. This plan should outline the specific activities that will be undertaken, the resources that will be required, and the timeline for the project. It is important to involve the client in the development of the plan to ensure that it is realistic and achievable.